

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 325/2025 um frístundastyrki fyrir íbúa, 67 ára og eldri, í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Niðurgreiðslur eru tekjutengdar og taka mið af tekjum einstaklinga samkvæmt staðgreiðslufirliti RSK síðasta árs. Niðurgreiðslur eru veittar til þeirra sem eru með tekjur undir tekjuviðmiðum niðurfellingar fasteignaskatts af eigin íbúð elli- og örorkulífeyrisþega miðað við 100% hlutfall fyrir einstakling. Tekjuviðmið eru birt í gjaldskrá á heimasíðu Hafnarfjarðarkaupstaðar og eru uppfærð árlega í janúar til samræmis við launavísitölu viðmiðunarárs.

2. gr.

4. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Sækja skal um frístundastyrk á mínum síðum hjá Hafnarfjarðarkaupstað. Með umsókn þarf að skila:

staðgreiðsluskrá RSK síðasta árs,

frumriti af greiðslukvittun þáttökugjalds fyrir viðkomandi iðkanda eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þáttöku í kennslunni/þjálfuninni lýkur.

Niðurgreiðsla er greidd inn á reikning iðkandans innan tveggja mánaða frá samþykkt.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í X. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, öðlast gildi 15. júní 2025.

Breytingarnar voru samþykktar í fjölskylduráði Hafnarfjarðar 13. maí 2025 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 21. maí 2025.

Hafnarfirði, 23. maí 2025.

Guðlaug Ósk Gísladóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.